

# LANDSRÉTTUR

Úrskurður fimmtudaginn 26. september 2024.

Mál nr. 334/2024:

**Lloyd's Insurance Company S.A.**

(Hannes J. Hafstein lögmaður)

**gegn**

**A**

(Fjölneur Vilhjálmsson lögmaður)

## Lykilorð

Vátrygging. Líkamstjón. Ómerking héraðsdóms. Heimvísun. Meðdómsmaður. Sönnunargögn.

## Útdráttur

A krafðist bóta úr vátryggingu útgefinni af L vegna líkamstjóns sem hann taldi sig hafa orðið fyrir er hann féll niður úr stiga við vinnu sína. Í málinu reyndi meðal annars á þá málsástæðu L hvort fella bæri ábyrgð þess niður í heild eða að hluta með stoð í 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga vegna vanrækslu A á að upplýsa í umsókn um vátrygginguna um nánar tilgreind atvik sem fram komu í sjúkraskrá hans. Í úrskurði Landsréttar kom fram að í 3. mgr. 83. gr. laganna segi að við mat á því hvort efni séu til að fella niður ábyrgð vátryggingarfélags í heild eða að hluta með stoð í 2. mgr. sömu lagareinar skuli litið til þess hvaða þýðingu vanrækt upplýsingaskylda vátryggðs hafi haft fyrir mat félagsins á áhættu, hve sökinn er mikil og fleira. Taldi rétturinn að þótt ljóst væri að mat á þessu væri atviksbundið og kallaði ekki undantekningalaust á sérfræðipækkingu væri byggt á því af hálfu L að lækni- og sjúkraskrá A ættu að hafa þýðingu fyrir matið. Hafi héraðsdómara því eðli máls samkvæmt verið ókleift að fjalla um þá málsástæðu á grundvelli almennrar þekkingar og menntunar eða lagakunnáttu. Hefði því verið þörf á sérkunnáttu og héraðsdómara borið að kveðja til meðdómsmenn samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Var héraðsdómur því ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Þá gerði Landsréttur athugasemd við, eins og atvikum máls væri háttað, að í hinum áfrýjaða dómi hefði verið lögð til grundvallar sem fullgild sönnun um afleiðingar ætlaðs slyss A álitgerð lækni sem ekki hefði verið aflað til samræmis við ákvæði IX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

## Úrskurður Landsréttar

Úrskurð í máli þessu kveða upp landsréttardómararnir Aðalsteinn E. Jónasson, Jón Höskuldsson og Kristbjörg Stephensen.

### **Málsmeðferð og dómkröfur aðila**

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 19. apríl 2024. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjaness 26. mars 2024 í málinu nr. E-[...]/2023.
- 2 Áfrýjandi krefst þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og hann sýknaður af kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.
- 3 Stefndi krefst þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og málskostnaðar eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.
- 4 Málið var flutt um formhlið 17. september 2024, sbr. 2. mgr. 161. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

### **Niðurstaða**

- 5 Stefndi reisir málatilbúnað sinn á því að vegna líkamstjóns sem hann varð fyrir er hann féll úr stiga við vinnu 18. mars 2021 geti hann ekki gegnt starfi skiltagerðamanns.
- 6 Kröfu um greiðslu váttryggingarbóta frá áfrýjanda byggir hann á váttryggingarskírteini um svokallaða starfsörorkutryggingu sem gefið var út 20. nóvember 2019 en tryggingin var endurnýjuð 20. nóvember 2020.
- 7 Sýknukrafa áfrýjanda byggist meðal annars á því að stefndi hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína samkvæmt 1. mgr. 82. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga þar sem meðal annars kemur fram að váttryggingartaki, eða eftir atvikum váttryggður, skuli að eigin frumkvæði veita upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit, eða má vita, að hafi verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu. Hafi stefndi með sviksamlegum hætti vanrækt þessa lögbundnu upplýsingaskyldu og beri áfrýjandi því ekki ábyrgð á ætluðum váttryggingaratburði, sbr. 1. mgr. 83. gr. sömu laga.
- 8 Auk framangreinds byggir áfrýjandi sýknukröfu sína einkum á því að ósannað sé að stefnda sé ófært með öllu að gegna starfi skiltagerðarmanns vegna fyrrgreinds atviks.
- 9 Fallist var á kröfur stefnda í hinum áfrýjaða dómi. Byggðist niðurstaðan meðal annars á því mati dómsins að það teldist minni háttar yfirsjón af hálfu stefnda að gera ekki sérstaklega grein fyrir „þeim einkennum sem hafa samkvæmt framlagðri sjúkraskrá hrjáð hann í gegnum tíðina, einkum og sér í lagi í ljósi þess að hún [beri] með sér að [stefndi] hafi ekki verið óvinnufær vegna þeirra til lengri eða skemmri tíma sem og þess að hann veitti [ ... ] afdráttarlaus heimild til að nálgast læknis- og heilsufarslegar upplýsingar hans til lækna og heilsugæsla og mátti treysta því að það yrði gert við mat á áhættu ef frekari upplýsinga væri þörf.“ Auk þess er í forsendum dómsins fyrir þessari niðurstöðu vísað til þess stefndi hefði notið leiðsagnar tryggingarráðgjafa er hann fyllti út umsóknareyðublað um trygginguna. Þá taldi dómurinn trúverðugar skýringar stefnda á því af hverju hann hefði svarað neitandi spurningu um hvort hann tæki nánar tilgreind lyf, einkum að teknu tilliti til þess hvernig spurningin hefði verið

orðuð. Að öllu þessu gættu var það mat héraðsdóms að stefndi hefði einungis vanrækt upplýsingaskylda sína með þeim hætti að óverulegt teldist. Yrði ábyrgð áfrýjanda því hvorki felld niður í heild né að hluta á grundvelli 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

- 10 Í umsókn stefnda um váttrygginguna þurfti hann meðal annars að svara spurningu um hvort hann hefði áður þjáðst af brjósksosi, tognað í baki eða fundið fyrir öðrum vandamálum tengdum hrygg eða mænu, kviðsliti eða einhverskonar einkennum gigtar. Svaraði hann spurningunni játandi og upplýsti skriflega til nánari skýringar á þessu að þegar hann var 12 ára hefðu tveir hryggjaliðir lagst saman en tók fram að af því hefðu ekki verið neinir eftirmálar. Þá upplýsti hann jafnframt að hann hefði dottið af vinnupalli 1999 og verið frá vinnu í tvær vikur vegna baks. Hefði hann af því tilefni farið í nokkra tíma í sjúkráþjálfun en engir frekari eftirmálar orðið.
- 11 Í málalíbúnaði áfrýjanda fyrir héraðsdómi var vísað til ýmissa upplýsinga sem liggja fyrir í málinu úr sjúkraskrá stefnda og því borið við að þær beri með sér að fullyrðing stefnda í umsókninni um að engir eftirmálar hefðu orðið vegna fyrrgreindra atvika tengd baki væri röng. Kæmi meðal annars fram í sjúkraskrá stefnda að hann hefði verið lagður inn á sjúkrahús í nokkra daga 2015 vegna alvarlegra bakverkja og sterk lyf notuð til að verkjastilla hann. Þá kæmi fram í sjúkraskrá að honum hefði ítrekað verið ávísað sterkum verkjalyfjum vegna verkja í baki. Hafi hér verið um upplýsingar að ræða sem stefnda hefði borið að upplýsa um að eigin frumkvæði þar sem þær hefðu getað haft áhrif á mat áfrýjanda á þeirri áhættu sem fylgdi váttryggingunni.
- 12 Af forsendum dóms héraðsdóms sem raktar eru í efnisgrein 9 er ljóst að við mat á því hvort efni væru til að fallast á þá málsástæðu áfrýjanda að fella ábyrgð hans niður í heild eða að hluta með stoð í 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004 var meðal annars lagt mat á læknisfræðilegar upplýsingar sem komu fram í sjúkraskrá stefnda. Í 3. mgr. sömu lagagreinar segir að við mat á því hvort efni séu til að fella niður ábyrgð váttryggingarfélags í heild eða að hluta með stoð í 2. mgr. skuli litið til þess hvaða þýðingu vanrækt upplýsingaskylda váttryggðs hafi haft fyrir mat félagsins á áhættu, hve sökin er mikil og fleira. Þótt ljóst sé að mat á þessu er atviksbundið og kallar ekki undantekningalaust á sérfræðiþekkingu liggur fyrir í því máli sem hér er til umfjöllunar að byggt er á því að læknisfræðilegar upplýsingar úr sjúkraskrá stefnda eigi að hafa þýðingu fyrir þetta mat. Var héraðsdómara því eðli máls samkvæmt ókleift að fjalla um þá málsástæðu áfrýjanda á grundvelli almennrar þekkingar og menntunar eða lagakunnáttu. Bar héraðsdómara því að kveðja til meðdómsmenn samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 91/1991. Úr þessum annmarka á málsmeðferð fyrir héraðsdómi verður ekki bætt hér fyrir dómi þar sem ekki er unnt að kveðja til sérfróðan meðdómsmann fyrir Landsrétti, hafi það ekki verið gert fyrir héraðsdómi, sbr. 2. gr. a laga nr. 91/1991. Þar sem héraðsdómari lét ógert að kveðja til sérfróðan meðdómsmann er þegar af þeirri ástæðu óhjákvæmilegt að ómerkja hinn áfrýjanda dóm og vísa málinu heim í hérað til aðalmeðferðar og dómsálagningar á ný.

- 13 Það athugast að í hinum áfrýjaða dómi var lögð til grundvallar sem fullgild sönnun um afleiðingar fyrrgreinds atviks 18. mars 2021 álitserð læknis sem fyrir liggur að var ekki aflað í samræmi við ákvæði IX. kafla laga nr. 91/1991. Áfrýjandi byggði málsvörn sína fyrir héraðsdómi meðal annars á þeirri málsástæðu að ósannað væri af hálfu stefnda að hann hefði orðið óvinnufær vegna atviksins. Segir meðal annars um það í greinargerð hans til héraðsdóms að ekkert liggi „fyrir um að [stefndi] geti ekki starfað sem skiltagerðarmaður eða hver varanleg örorka [hans] er.“ Af gögnum málsins verður ekki ráðið að áfrýjandi hafi fallið frá þessari málsástæðu, hvorki er álitserðin var lögð fram né síðar. Þvert á móti kemur fram í forsendum héraðsdóms að vísað hafi verið til þess af hálfu lögmanns áfrýjanda við aðalmeðferð málsins að ósannað væri að stefndi gæti ekki sinnt einhverjum þáttum starfsins. Verður ekki fallist á að unnt sé að líta svo á að áfrýjandi hafi fallið frá þessari málsástæðu við það eitt að hafa ekki óskað eftir bókun í þingbók um mótmæli við álitserðinni, enda er við það miðað að einungis sé rétt að bóka í þingbók um yfirlýsingar af hendi aðila sem hafa ekki komið fram skriflega, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 91/1991. Verður ekki séð að leitað hafi verið eftir því við lögmann áfrýjanda við meðferð málsins fyrir héraðsdómi, eftir að álitserðin var lögð fram, hvort hann hefði í hyggju vegna hennar að falla frá fyrrgreindri málsástæðu sem kom fram í skriflegri greinargerð hans til dómsins. Í ljósi framangreinds og þess að álitserðin var ekki unnin á grundvelli IX. kafla laga nr. 91/1991 verður dómur ekki á henni reistur.
- 14 Rétt þykir að málskostnaður fyrir Landsrétti falli niður. Um gjafsóknarkostnað stefnda vegna reksturs málsins fyrir Landsrétti fer samkvæmt því sem greinir í úrskurðarorði.

### Úrskurðarorð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málskostnaður fyrir Landsrétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnda, A, fyrir Landsrétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, Fjöltnis Vilhjálmssonar, 1.200.000 króna.

### Dómur Héraðsdóms Reykjaness 26. mars 2024

Mál þetta, sem dómtekið var 22. febrúar 2024, var höfðað með stefnu birtri dagana 21. til 23. mars 2023, af A, [...], aðallega gegn Tryggingamiðlun Íslands ehf., [...], til vara gegn Lloyd's Insurance Company S.A., [...], og til réttargæslu gegn Seðlabanka Íslands, [...].

Stefnandi krefst þess að aðalstefnda Tryggingamiðlun Íslands ehf. verði dæmd til að greiða stefnanda 87.776 sterlingspund (GBP) með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 18. mars 2021 til 12. apríl 2023, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim til greiðsludags. Jafnframt krefst stefnandi þess að aðalstefnda verði

dæmd til að greiða stefnanda 187.500 sterlingspund (GBP) með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 frá 12. apríl 2023 til greiðsludags.

Verði aðalstefnda sýknuð af kröfum stefnanda krefst stefnandi þess að varastefndi Lloyd's Insurance Company S.A. verði dæmdur til að greiða stefnanda 87.776 sterlingspund (GBP) með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 18. mars 2021 til 12. apríl 2023, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim til greiðsludags. Jafnframt krefst stefnandi þess að varastefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 187.500 sterlingspund (GBP) með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 frá 12. apríl 2023 til greiðsludags.

Loks krefst stefnandi í báðum tilvikum málskostnaðar úr hendi stefndu líkt og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Aðalstefnda krefst sýknu af kröfum stefnanda. Þá krefst aðalstefnda málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Varastefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda og til vara að þær verði lækkaðar verulega. Þá krefst varastefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Réttargæslustefndi hefur ekki látið mál þetta til sín taka.

## I.

### *Helstu málsatvik*

Tildrög þessa máls eru þau að stefnandi sótti um tryggingu sem ber heitið „Starfsörorkutrygging Lloyd's“ með umsókn til aðalstefndu Tryggingamiðlunar Íslands ehf., dagsettri 13. nóvember 2019. Var umsókn hans samþykkt og váttryggingarskírteini gefið út 20. sama mánaðar. Í því skírteini kemur fram að gildistími váttryggingarinnar sé frá síðastgreindum degi til 19. nóvember 2020. Þá kemur þar fram að stefnandi starfi sem skiltagerðarmaður, auk þess sem bótafjárhæðir vegna bæði slysa og veikinda eru tilgreindar. Tryggingin var samkvæmt framlögðum gögnum endurnýjuð 20. nóvember 2020.

Hinn 18. mars 2021 féll stefnandi niður úr stiga við vinnu sína. Stefnandi leitaði þegar í framhaldi af því á bráðamóttöku Landspítala – Háskólasjúkrahúss. Í framlagðri bráðamóttökuskrá kemur fram að hann hafi komið akandi sjálfur innan við klukkustund eftir fall. Hann hafi fallið úr eins metra háum stiga niður á lísar og rankað við sér liggjandi á gólfinu. Nú verki hann í háls, vinstra megin í herðar og öxl og neðarlega í brjósthrygg. Hann sé með höfuðverk og náladoða frá vinstri upphandlegg niður í fingur. Þá kemur þar fram að hann hafi verið skoðaður og undirgengist rannsóknir. Hann hafi hvorki reynst brotinn né hafi verið merki um innvortis blæðingar. Um slæma tognun sé að ræða og hann hafi fengið ávísað verkjastillandi og bólgueyðandi lyfjum vegna þess. Hann hafi svo verið útskrifaður með fyrirmælum um að koma aftur ef líðan hans versnaði. Þá hafi hann fengið fyrirmæli um að leita til heimilislæknis ef hann væri ekki orðinn betri eftir eina til tvær vikur.

Samkvæmt framlagðri sjúkraskrá stefnanda leitaði stefnandi svo til heimilislæknis 31. mars 2021 vegna slæmra verkja í hálsi, vinstri öxl og höfði. Þá kvaðst hann lítið sem ekkert hafa sofið umliðna viku. Að undangenginni skoðun var hann greindur með tognun á hálsi og baki, auk þess sem talið var að um afleiðingar heilahristings væri að ræða. Hann fékk beiðni um sjúkraþjálfun og vottorð um óvinnufærni, auk þess sem hann fékk ávísað verkjastillandi og bólgueyðandi lyfjum. Samkvæmt framlagðri sjúkraskrá voru verkir áfram viðvarandi þá mánuði sem í hönd fóru þrátt fyrir sjúkraþjálfun og lyfjameðferð og var stefnandi áfram óvinnufær. Haustið 2021 óskaði heimilislæknir stefnanda svo eftir álitum bæklunarlæknis á vinstri öxl hans þar sem meðferð hafði ekki skilað árangri. Hann var skoðaður af bæklunarlækni og undirgekkst í framhaldi af því svokallaða rýmkunaraðgerð 6. desember 2021. Þrátt fyrir þá aðgerð, áframhaldandi sjúkraþjálfun og lyfjameðferð voru verkir áfram viðvarandi, hreyfigeta í vinstri öxl skert og var stefnandi áfram óvinnufær. Hann hóf svo meðferð hjá Virk starfsendurhæfingarsjóði 31. mars 2022 samkvæmt beiðni heimilislæknis. Samkvæmt framlögðu yfirliti yfir feril stefnanda þar var markmið þeirrar meðferðar að auka vinnugetu stefnanda með því að draga úr stoðkerfiseinkennum.

Með tjónstilkynningu, dagsettri 23. apríl 2021, tilkynnti stefnandi aðalstefndu um framangreint slys. Er í tilkynningunni tiltekið að stefnandi hafi staðið í stiga og skyndilega fallið í gólfid og rotast en hann muni ekki hvernig hann hafi dottið úr stiganum vegna höfuðhöggs. Engin vitni hafi verið að slysinu en stefnandi telji að stiginn hafi skyndilega runnið undan honum. Með tölvubréfi, dagsettu 9. júní 2021,

hafnaði aðalstefnda fyrir hönd váttryggjenda bótaábyrgð á þeim grundvelli að misræmi væri á milli þeirra upplýsinga sem stefnandi hefði veitt í umsókn sinni um trygginguna og þess sem fram kæmi í sjúkraskrá hans. Nánar tiltekið kemur í meginatriðum fram í umræddu tölvubréfi að váttryggjendur hafi farið yfir málið og farið yfir gögn úr sjúkraskrá. Tryggingin hafi verið gefin út miðað við þær upplýsingar sem fram hafi komið í umsókn stefnanda. Þar séu tvö eldri slys tilgreind og í báðum tilvikum sérstaklega tekið fram að þeim hafi ekki fylgt neindir eftirmálar. Þannig komi þar fram að árið 1990 hafi tveir hryggjarliðir lagst saman og árið 1999 hafi stefnandi dottið úr vinnupalli og verið frá vinnu í tvær vikur vegna baks og gengið til sjúkrahúsferða í nokkur skipti í framhaldinu. Í sjúkraskrá stefnanda sé hins vegar töluvert lengri og alvarlegri saga um slæma bakverki. Þar komi fram að hann hafi verið lagður inn á sjúkrahús vegna slæmra bakverkja árið 2015 og fengið ávísað verkjastillandi og bólgueyðandi lyfjum, auk þess sem hann hafi fengið bólgueyðandi lyfjum ávísað vegna bakverkja á árunum 2017 og 2019. Hann hafi hins vegar svarað því neitandi í umsókn sinni að hann hefði fengið lyfjum ávísað. Ljóst sé að eftirmál fyrri slysa séu fyrir hendi og löng saga um alvarlega bakverki. Í skilmálum tryggingarinnar komi fram að hafi váttryggður viljandi eða í kæruleysi veitt rangar eða misvísandi upplýsingar verði farið með váttrygginguna eins og hún hafi aldrei verið til staðar. Í ljósi þess að upplýsingar um fyrri heilsufar og ávísuð lyf komi ekki fram í umsókn hafi váttryggjendur ákveðið að segja tryggingunni upp frá upphafsdagsetningu og endurgreiða greidd iðgjöld eins og skilmálar tryggingarinnar kveði á um.

Stefnandi skaut málinu til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum með málskoti, mótteknu af nefndinni 6. október 2021. Í úrskurði nefndarinnar 30. nóvember 2021 í máli nr. 377/2021 komst hún að þeirri niðurstöðu að stefnandi ætti rétt á bótum úr starfsörorkutryggingu sinni hjá varastefnda vegna líkamstjóns síns 18. mars 2021 og að skilyrði til uppsagnar váttryggingarinnar væru ekki fyrir hendi. Það var þannig álit nefndarinnar að svör stefnanda við einstökum spurningum í umsókn hans hafi í besta falli falið í sér óverulega vanrækslu á upplýsingaskyldu. Váttrygging stefnanda hafi því verið í gildi þegar hann hafi orðið fyrir líkamstjóni og varastefndi gæti ekki takmarkað ábyrgð sína í skilningi 83. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Þá var talið að um hefði verið að ræða slys í váttryggingaréttarlegum skilningi.

Með bréfi til stefnanda, dagsettu 15. desember 2021, tilkynnti aðalstefnda fyrir hönd varastefnda, sbr. 4. mgr. 7. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, að varastefndi hefði ákveðið að hlíta ekki framangreindum úrskurði nefndarinnar enda væri hann í meginatriðum ósammála niðurstöðu nefndarinnar.

Framlögð gögn bera með sér að á síðari hluta ársins 2022 hafi átt sér stað allnokkur bréflög samskipti milli lögmannna málsaðila þar sem stefnandi hafði uppi margvíslegar umkvartanir viðvíkjandi starfsemi aðalstefndu og lýsti efasemdum um að aðalstefnda starfaði í samræmi við viðeigandi lög og reglugerðir, auk þess sem lögmaður stefnanda beindi erindum þess efnis til réttargæslustefnda. Enn fremur var í umræddum samskiptum meðal annars skorað á aðalstefndu að afhenda gögn og láta í té upplýsingar um váttryggingarsamning stefnanda, samningssamband sitt við varastefnda, staðfestingu á því að greidd iðgjöld stefnanda hefðu í reynd runnið til varastefnda og fleiri atriði sem stefnanda væri nauðsynlegt að fá vegna fyrirhugaðrar málshöfðunar. Lauk þeim samskiptum í byrjun árs 2023 þegar lögmaður stefndu staðfesti að hann hefði umboð til að taka við stefnu fyrir hönd varastefnda.

Var mál þetta svo sem fyrr greinir höfðað með stefnu birtri dagana 21. til 23. mars 2023. Við þingfestingu þess 12. apríl 2023 lagði stefnandi meðal annars fram ásamt stefnu beiðni um sérfræðimat B bæklunarlæknis á afleiðingum vinnuslyss 18. mars 2021 vegna starfsörorkutryggingar hans. Í þinghaldi í málinu 4. september 2023 lagði stefnandi svo fram matsgerð umrædds læknis, dagsetta 24. ágúst 2023. Í matsgerð hans kemur fram að óskað hafi verið eftir því að hann mæti afleiðingar áverka, bæði líkamlegar og andlegar, sem upp hefðu komið í kjölfar vinnuslyss sem stefnandi hefði orðið fyrir 18. mars 2021 og hvernig orsakatengsl væru á milli slyssins og áverkanna. Þá kemur þar fram að óskað hafi verið eftir því að læknirinn svaraði þremur spurningum. Í fyrsta lagi hvort stefnandi hafi verið óvinnufær til að starfa sem skiltagerðarmaður vegna þeirra áverka sem hann hafi hlotið í umræddu slysi. Í öðru lagi hvort stefnandi sé varanlega óvinnufær til að starfa sem skiltagerðarmaður vegna afleiðinga umrædds slyss. Og loks í þriðja lagi, ef stefnandi teljist nú vinnufær til að starfa sem skiltagerðarmaður, hvenær óvinnufærni hans að því

leyti hafi lokið. Í matsgerðinni er gerð stuttlega grein fyrir fyrra heilsufari stefnanda og að svo búnu heilsufari hans í kjölfar umrædds slyss, læknisskoðunum og meðferð. Þá er gerð grein fyrir núverandi líðan hans sem og skoðun viðkomandi læknis. Í niðurlagi matsgerðarinnar kemur svo fram að afleiðingar umrædds slyss séu þær að stefnandi sé ófær um að vinna vinnu sína sem skiltagerðarmaður vegna verkja frá vinstri öxl og hálsi. Hann segist sjálfur geta gert sumt en ekki allt. Þar sem hann sé einyrki hafi hann alveg orðið að hætta störfum sem skiltagerðarmaður og sé því með öllu óvinnufær sem slíkur. Loks kemur fram að telja verði að orsakatengsl séu á milli umrædds slyss og þeirra áverka sem hann býi við í dag.

## II.

### *Helstu málsástæður stefnanda*

Stefnandi byggir á því að honum hafi verið talin trú um það af tryggingasöllumönnum aðalstefndu að hann hafi keypt sér góða og örugga tryggingu fyrir því að ef hann yrði ófær um að vinna sér inn tekjur, sem skiltagerðarmaður, ætti hann rétt á þeim bótum, sem kveðið væri á um í starfsörorkutryggingunni (lögmætar væntingar). Hann byggir dómkröfu sína á því að starfsörorkutryggingin, sem hann hafi sótt með umsókn sinni til aðalstefndu, þann 13. nóvember 2019, og samþykkt hafi verið þann 20. sama mánaðar, hafi verið í fullu gildi er hann hafi fallið úr stiga við vinnu sína, þann 18. mars 2021, og orðið fyrir áverkum á hálsi, vinstri öxl og vinstri handlegg í slysi, þannig að hann hafi orðið óvinnufær til að vinna sem skiltagerðarmaður.

Stefnandi byggir á því að starfsörorkutryggingin hafi verið heilsutrygging (höfuðstóls/summutrygging) og persónutrygging í skilningi 3. mgr. 1. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, og að samningurinn falli undir XII. kafla umræddra laga. Hann hafi veitt aðalstefndu fullnægjandi upplýsingar um fyrra heilsufar sitt, í umsókn um trygginguna, auk þess sem aðalstefndu hefði vel verið fært að athuga heilsufar stefnanda frekar og verið veitt umboð til þess, eins og fram komi í umsókn stefnanda um trygginguna.

Stefnandi byggir á því að samkvæmt 2. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004 hafi ekki verið heimilt að segja upp váttryggingunni, eins og gert hafi verið. Stefnandi hafi ekki vanrækt upplýsingaskyldu sína þannig að ákvæði 84. gr. laganna eigi við. Stefnandi hafi heldur ekki vanrækt upplýsingaskyldu sína þannig að 1. mgr. 83. gr. þeirra eigi við, þannig að heimilt hafi verið að segja upp váttryggingarsamningnum, sbr. dóm Landsréttar frá 11. júní 2021 í máli nr. 24/2020. Fyrir því hafi viðkomandi váttryggingafélag einnig sönnunarbyrði samkvæmt 85. gr. laga nr. 30/2004.

Stefnandi bendir á að ofangreindar málsástæður hans um að hann eigi rétt á bótum úr tryggingunni hafi verið staðfestar með úrskurði úrskurðarnefndar í váttryggingamálum frá 30. nóvember 2021 í máli nr. 377/2021. Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar sé á þá leið að stefnandi eigi rétt á bótum úr starfsörorkutryggingu sinni hjá váttryggingafélögunum, Lloyd's Insurance Company S.A. og AXIS Speciality Europe SE, vegna líkamstjóns stefnanda, þann 18. mars 2021, að skilyrði til uppsagnar tryggingarinnar hafi ekki verið fyrir hendi og að stefnandi hafi orðið fyrir líkamstjóni í slysi, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 23. febrúar 2012 í máli nr. 412/2011.

Þá byggir stefnandi á því að í umsókn hans um trygginguna og í skilmálum tryggingarinnar segi að íslensk lög gildi um trygginguna, sem sé í samræmi við 1. mgr. 145. gr. laga nr. 30/2004 og það sem fram komi í framangreindum úrskurði úrskurðarnefndar í váttryggingamálum.

Stefnandi byggir einnig á því að það sem komi í veg fyrir að hann geti starfað sem skiltagerðarmaður séu aðallega verkir í vinstri öxl og vinstri hendi og eymsli í háls hrygg, sem og höfuðverkur, sem séu líkamseinkenni sem orðið hafi í slysinu þann 18. mars 2021. Sérstaklega eigi þetta við um vinstri höndina sem stefnandi geti ekki lengur notað við uppsetningu skilta.

Byggi stefnandi á að samkvæmt tryggingarskírteini tryggingarinnar heiti hún „starfsörorkutrygging“ og að fram komi í umsókn stefnanda að hann starfi sem skiltagerðarmaður, vinni við uppsetningar inni og úti í húsnæði fyrirtækja. Í tryggingarskírteininu sé starfsheiti stefnanda skiltagerðarmaður. Þá segi svo í skilmálum tryggingarinnar: „Alger og varanleg örorka: Merkir algera líkamlega vangetu þess váttryggða sem hlýst af líkamstjóni eða veikindum sem koma algerlega í veg fyrir að sá váttryggði sinni sínum venjulegu störfum sem getið er um í váttryggingarskírteini og sem vara annað hvort samfelld í tólf mánuði og engin von er um bata undir lok þess tíma eða þegar váttryggjendur ákveða

að sá váttrygðei sé varanlegur og alger öryrki, hvort sem kemur fyrir.“ Þannig byggir stefnandi á að andlag tryggingarinnar hafi verið starfsgeta stefnanda sem skiltagerðarmanns, sbr. c-lið 13. töluliðar 2. gr. laga nr. 30/2004 þar sem segi að í persónutryggingum sé hinn váttrygðei sá maður hvers lífs eða heilsu váttryggingin taki til.

Stefnandi byggir á því að vegna óreiðu í þeim gögnum sem hann hafi fengið afhent, þeim upplýsingum sem honum hafi verið látnar í té og eins og mál þetta sé að öðru leyti vaxið hafi honum verið nauðsynlegt að haga aðild að því þannig að kröfum hans sé aðallega beint að aðalstefndu Tryggingamiðlun Íslands ehf. og til vara að varastefnda Lloyd's Insurance Company S.A., svo sem honum sé ótvírætt heimilt á grundvelli 2. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þá hafi stefnandi talið nauðsynlegt að stefna réttargæslustefnda á grundvelli 1. mgr. 21. gr. sömu laga vegna þess eftirlitshlutverks sem hann hafi með starfsemi erlendra váttryggingafélaga hér á landi.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á hendur aðalstefndu Tryggingamiðlun Íslands ehf. á því að félagið hafi í raun komið fram í þessu máli, gagnvart stefnanda, sem váttryggingafélag. Stefnandi hafi greitt öll iðgjöld af tryggingunni beint til aðalstefndu en það sé grundvallarregla í váttryggingarétti að iðgjöld beri að greiða til frumváttryggjanda eða til félagsins, sbr. 6. tölulið 2. gr. laga nr. 30/2004. Kröfur stefnanda á hendur aðalstefndu séu skaðabótakröfur þar sem félagið sé ekki váttryggingafélag og hafi ekki sannað með gögnum að félagið hafi komið á váttryggingarsamningi við hið varastefnda erlenda váttryggingafélag á grundvelli umsóknar stefnanda. Af því leiði hugsanlega að enginn váttryggingarsamningur sé í raun til staðar við varastefnda. Ekki hafi verið sýnt fram á að svo sé og að iðgjöldin hafi verið greidd til varastefnda. Eigi stefnandi því rétt á skaðabótum úr hendi aðalstefndu er nemi þeim bótum sem tilgreindar séu í váttryggingarskírteininu og váttryggingarskilmálunum. Aðalstefndu sé í lófa lagið að sýna fram á að iðgjöld stefnanda hafi verið greidd varastefnda enda beri aðalstefndu að halda þessum fjármunum aðskildum í bókhaldi sínu.

Skaðabótakrafa stefnanda byggir á því að saknæm og ólögmat framkvæmd aðalstefndu hafi orðið til þess að váttryggingarvernd stefnanda hafi engin verið þegar hann hafi slasast þann 18. mars 2021. Nemi því umkrafðar skaðabætur þeim bótum sem stefnandi hafi haft réttmætar væntingar um að honum hefðu verið tryggðar ef hann yrði ófær um að starfa sem skiltagerðarmaður. Um grundvöll ábyrgðar aðalstefndu vísi stefnandi til reglu skaðabótaréttar um vinnuveitendaábyrgð, sakarreglunnar og þeirra ríku krafna sem gerðar séu til váttryggingamiðlara og starfsmanna þeirra samkvæmt lögum nr. 62/2019 um dreifingu váttrygginga og í því sambandi til reglu skaðabótaréttar um sérfræðiábyrgð.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á hendur aðalstefndu jafnframt á 1. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga sem og á því að aðalstefnda hafi brotið freklega gegn þeim skyldum sem á henni hvíla sem váttryggingamiðlara samkvæmt lögum nr. 30/2004 og lögum nr. 62/2019, m.a. skyldu til að veita viðeigandi upplýsingar og afhenda gögn um starfsleyfi sitt, umboð, endurgjald sem hún þiggi og hver greiði það og svo megi áfram telja. Verði talið að aðalstefnda hafi starfað í samræmi við lög byggir stefnandi dómkröfur sínar á hendur aðalstefndu loks á því að hún hafi verið umsýsluaðili og því geti stefnandi í raun beint kröfum sínum að henni. Hún hafi þannig gert umræddan váttryggingarsamning í eigin nafni en fyrir reikning varastefnda samkvæmt sérstakri heimild frá honum og sé á þeim grundvelli bundin af samningnum gagnvart stefnanda. Í því sambandi bendi stefnandi á að um samnings samband hans við aðalstefndu gildi lög nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi og að líta verði svo á að aðalstefnda teljist uppgjörsfulltrúi varastefnda hér á landi á grundvelli 126. gr. þeirra laga.

Verði aðalstefnda sýknuð geti það ekki verið af annarri ástæðu en þeirri að dómurinn telji sýnt að váttryggingarsamningur um starfsörorkutryggingu hafi í reynd komist á milli stefnanda og varastefnda í samræmi við umsókn stefnanda. Með þeim samningi hafi starfsgeta stefnanda til að starfa sem skiltagerðarmaður verið tryggð og eigi hann því rétt á bótum úr hendi varastefnda vegna þeirrar starfsorkuskerðingar sem hann hafi orðið fyrir í vinnuslysi þann 18. mars 2021 í samræmi við þær fjárhæðir sem tilgreindar séu í skilmálum tryggingarinnar.

Stefnandi byggir á því að hann hafi gert váttryggingarsamning þess efnis að yrði hann óvinnufær til að starfa sem skiltagerðarmaður ætti hann rétt á þeim bótum sem samið hafði verið um og kveðið sé á um í váttryggingarskilmálum tryggingarinnar. Um hafi verið að ræða starfsörorkutryggingu sem hafi þá

merkingu sem áður greini. Stefnandi bendi á í þessu sambandi að starfsorka merki samkvæmt íslensku lögfræðiorðabókinni: Líkamleg og andleg geta til að sinna tekjugæfu starfi. Örorða merki samkvæmt sömu orðabók: Skert færni og geta til vinnu, vegna sjúkdóms, fötlunar eða slysa. Stefnandi byggir á því að hann hafi verið ófær til að stunda vinnu við skiltagerð frá því að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni í vinnuslysnu þann 18. mars 2021 líkt og bæði framlögð matsgerð og önnur framlögð læknisfræðileg gögn veri vott um. Þeirri matsgerð hafi ekki verið mótmælt af hálfu varastefnda, hvorki þegar hún hafi verið lögð fram í máli þessu né heldur í síðari þinghöldum, og standi því engin rök til annars en að leggja hana til grundvallar. Þá bendi stefnandi á að samkvæmt sjúkradagpeningvottorði C lækni frá 28. júní 2021 hafi stefnandi verið óvinnufær frá 18. mars 2021 til 30. september 2021. Samkvæmt vottorði sama lækni frá 12. október 2021 hafi stefnandi verið óvinnufær frá 1. október 2021 til 31. desember 2021. Stefnandi hafi verið í endurhæfingu hjá Virk frá 31. mars 2022 og hafi þegið endurhæfingarlífeyri vegna óvinnufærni hjá Tryggingastofnun ríkisins frá 31. mars 2021 til 31. desember 2022.

Samkvæmt framansögðu hafi stefnandi ótvírætt orðið fyrir starfsorkuskerðingu í vinnuslysnu þann 18. mars 2021 og eigi rétt á bótum úr þeirri starfsörorkutryggingu sem hann hafi haft hjá varastefnda er hann hafi slasast og orðið óvinnufær. Fjárfkrafa stefnanda sundurliðist svo: Samkvæmt váttryggingarskírteini, 844 GBP á viku í 104 samfelldar vikur frá því 14 dögum eftir slysið. Slysið hafi orðið þann 18. mars 2021 og fjórtándi dagur þar frá sé 29. mars 2021. Um sé að ræða níu mánuði árið 2021 sem geri miðað við fjórar vikur í mánuði 36 vikur. Árið 2022 geri 52 vikur (36+52=88 vikur). Síðan komi 16 vikur í viðbót (104–88) eða fjórir mánuðir til 1. apríl 2023. Samtals nemi bótakrafa hans vegna þessa þáttar því  $104 \times 844 = 87.776$  GBP. Bótakrafa hans vegna varanlegrar örorku nemur svo 187.500 GBP. Stefnandi byggir á því að hann hafi sýnt fram á það með læknisfræðilegum gögnum málsins að hann hafi orðið óvinnufær til að starfa sem skiltagerðarmaður. Ekki skipti því máli varðandi dómröfur stefnanda að hann geti ef til vill unnið aðra vinnu, við annað sem ekki reyni með sama hætti á líkama hans.

Stefnandi byggir á því að þegar hann hafi tilkynnt slysið og óvinnufærni sína til aðalstefndu og bótarétti hans hafi nær samstundis verið mótmælt og hafnað hafi hann orðið hissa og nokkuð skelkaður og talið að um hálfgerða plattrýggingu væri að ræða. Sömu tilfinningu hafi stefnandi fengið er honum hafi verið tilkynnt að þau váttryggingafélög sem aðalstefnda hafi sagt að stæðu að baki tryggingunni neituðu að samþykkja úrskurð úrskurðarnefndar í váttryggingamálu á þeim forsendum sem það hafi verið gert. Stefnandi hafi ekki átt í neinum vandkvæðum með að stunda vinnu sína sem skiltagerðarmaður er hann hafi keypt trygginguna, þótt hann hafi haft ákveðin einkenni í baki. Hann hafi trúað því að hann hafi tryggt sig eins og hann hafi verið þegar váttryggingarsamningurinn hafi verið gerður.

Bendi stefnandi einnig á að skilmálar tryggingarinnar séu um margt óljósir og geymi heimildir til handa váttryggjanda sem takmarki réttarvernd váttryggðs. Byggi stefnandi á að skýra verði skilmálana stefnanda í hag komi fram óvissa um túlkun þeirra í samræmi við andskýringarreglu váttryggingaréttar og 1. mgr. 36. gr. b laga nr. 7/1936, sbr. til hliðsjónar t.d. dóm Hæstaréttar frá 3. júní 2021 í máli nr. 5/2021. Einnig vari stefnandi við svokölluðum dulbúnum hegðunarreglum sem kunni að leynast í skilmáluunum og árétti að styðjast verði við skilning hans á efni tryggingarinnar, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar frá 8. febrúar 2001 í máli nr. 343/2000.

Framangreindu til stuðnings vísar stefnandi heildstætt til laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, laga nr. 62/2019 um dreifingu váttrygginga og laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi. Þá vísar stefnandi til laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa og almennra meginreglna váttryggingaréttar, þar með talinnar andskýringarreglu þess réttarsviðs, sem og 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar en starfsgeta manna njóti verndar samkvæmt því ákvæði.

### III.

#### *Helstu málsástæður stefndu*

#### A.

Aðalstefnda Tryggingamiðlun Íslands ehf. byggir sýknukröfu sína á því að enginn grundvöllur sé fyrir kröfum stefnanda á hendur henni. Aðalstefnda sé váttryggingamiðlun og starfi í fullu samræmi við ákvæði laga nr. 62/2019 um dreifingu váttrygginga.

Aðalstefnda hafi á grundvelli „Coverholder Appointment Agreement“ sem váttryggingamiðlari heimild til að hafa milligöngu um dreifingu starfsörorkutrygginga fyrir hönd belgíska váttryggingafélagsins, varastefnda Lloyd's Insurance Company S.A. Varastefndi hafi einnig staðfest varðandi tryggingu þá sem stefnandi hafi keypt að tryggingin hafi tekið gildi þann 20. nóvember 2019, verið endurnýjuð þann 20. nóvember 2020 og verið í gildi á meintum slysdegi þann 18. mars 2021. Varastefndi hafi einnig staðfest að hafa mótttekið iðgjöld vegna tryggingarinnar sem stefnandi hafi greitt til aðalstefndu.

Ljóst sé því að váttryggingarsamningur hafi komist á milli stefnanda og varastefnda sem hafi leyfi til að starfa hér á landi líkt og framlögð staðfesting þar á beri vott um. Með engum hætti hafi aðalstefnda því komið fram sem váttryggingafélag gagnvart stefnanda. Aðalstefnda sé ekki aðili að váttryggingarsamningnum og enginn grundvöllur sé fyrir skaðabótakröfu stefnanda.

Ársreikningar aðalstefndu og staðfesting endurskoðanda félagsins staðfesti að iðgjöld hafi verið geymd á vörslureikningum. Þá hafi endurskoðandi staðfest að meðferð aðalstefndu á fjármunum sé í samræmi við lög og reglur um vörslufjárreikninga.

Váttrygging hafi því verið í gildi og þarfagreining sú sem gerð hafi verið í aðdraganda umsóknar stefnanda staðfesti að tryggingin hafi hentað honum vel, miðað við þær upplýsingar sem stefnandi hafi veitt. Með undirritun sinni á þarfagreininguna hafi stefnandi lýst því m.a. yfir að hann hefði fengið þarfagreiningu og að hann teldi sig nægjanlega upplýstan til töku ákvörðunar um töku tryggingar.

Stefnandi hafi veitt aðalstefndu umboð til að koma á váttryggingu en umboðið hafi m.a. veitt aðalstefndu heimild til að afla tilboða frá váttryggingafélagi og að koma á váttryggingarsamningi. Skýrt komi fram að umboðið nái ekki til uppsagnar eða útgreiðslu váttryggingarfjárhæðar. Með umboðinu hafi stefnandi einnig lýst því yfir að hann skildi hlutverk aðalstefndu, að honum væri ljóst að greiðslur iðgjalda færu fram með milligöngu aðalstefndu í tilviki trygginga varastefnda, að hann hafi verið upplýstur um þóknun þá sem aðalstefnda þáði vegna viðskiptanna og að aðalstefnda veitti aðstoð þegar krafa um tryggingabætur væri sett fram. Í umboðinu hafi einnig verið veittar upplýsingar um hvernig unnt væri að bera fram kvörtun. Þar sé jafnframt að finna ítarlegar upplýsingar um aðalstefndu, þ. á m. að aðalstefnda eigi ekki hlut í tryggingafélagi né að tryggingafélag eigi hlut í miðluninni.

Aðalstefnda telji af framangreindu ljóst að hún hafi uppfyllt allar þær skyldur sem á henni hvíldu samkvæmt lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, við milligöngu um gerð umrædds váttryggingarsamnings. Þannig hafi verið uppfylltar þær kröfur sem 4., 5. og 7. gr. laganna geri til váttryggingamiðlara. Einnig hafi legið fyrir umboð frá stefnanda til aðalstefndu í samræmi við 29. gr. laganna.

Ljóst sé því af fyrirliggjandi gögnum að milliganga aðalstefndu hafi verið fagmannleg og í fullu samræmi við þær skyldur sem á félaginu hvíla samkvæmt lögum nr. 62/2019 um dreifingu váttrygginga og lögum nr. 30/2004. Skilyrði sakarreglunnar fyrir skaðabótaábyrgð aðalstefndu séu því ekki uppfyllt. Hvorki hagaði aðalstefnda sér með saknæmum né ólögmætum hætti ásamt því að staðfest sé að váttryggingarsamningur hafi verið til staðar á meintum slysdegi.

Rétt sé að halda því til haga að það hafi verið ákvörðun hins erlenda váttryggingafélags, varastefnda, að hafna greiðslu bóta og líta svo á, með vísan til skilmála tryggingarinnar, að hún hafi aldrei verið til staðar. Sú afstaða hafi byggt á því að stefnandi hafi með verulegum og jafnvel sviksamlegum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína við töku tryggingarinnar. Aðalstefnda sé ekki aðili að og geti ekki borið ábyrgð á ágreiningi milli stefnanda og varastefnda váttryggingafélagsins um greiðslu bóta.

Þá sé með öllu fráleitt að aðalstefnda sé með einhverjum hætti umsýsluaðili. Engin umsýsla hafi verið til staðar með þeim hætti sem lýst sé í stefnu. Gögn beri enda með sér að váttryggingarsamningur hafi verið gerður beint á milli stefnanda og varastefnda. Aðalstefnda sé ekki uppgjörfulltrúi fyrir varastefnda í skilningi 126. gr. laga nr. 100/2016, og ekkert ætti að gefa stefnanda ástæðu til að ætla að svo sé.

Aðalstefnda byggir á því að í raun sé um að ræða ágreining milli stefnanda og varastefnda um réttmæti bótakröfu stefnanda og hvort vanræksla stefnanda á að veita upplýsingar við töku tryggingarinnar eigi að leiða þess að líta beri svo á að samningurinn hafi aldrei verið til staðar eða bótaskylda falli niður.

Hvað fjárkröfu stefnanda varði sé fjárhæð hennar alfarið mótmælt enda verði ekki séð miðað þann ágreining sem sé milli stefnanda og varastefnda að hann eigi nokkurn rétt til bóta. Þannig taki aðalstefnda undir þann rökstuðning sem varastefndi hafi fært fram til stuðnings því að bótakröfunni sé hafnað.

Framangreindu til stuðnings vísar aðalstefnda heildstætt til laga nr. 62/2019 um dreifingu váttrygginga, laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, almennra reglna váttryggingaréttar, laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa og almennra reglna samningaréttar. Kröfu sinni um málskostnað til stuðnings vísar aðalstefnda til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

## B.

Varastefndi Lloyd's Insurance Company S.A. byggir sýknukröfu á því að stefnandi hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína er hann sótti um váttrygginguna og við endurnýjun hennar. Ljóst sé að upplýsingar sem stefnandi hafi látið varastefnda í té hafi skipt verulegu máli í samningssambandi þeirra í millum. Öllu máli skipti því að þær upplýsingar sem stefnandi veitti hafi verið réttar og nægilega ítarlegar til að varastefndi gæti metið áhættu af því að veita viðkomandi tryggingu, í framhaldinu ákveðið hvort tryggingin skyldi veitt og eftir atvikum á hvaða kjörum.

Varastefndi byggir kröfu um sýknu aðallega á því að honum hafi verið rétt, með vísan til þeirra skilmála sem um trygginguna giltu og stefnandi hafði undirgengist, að fara með trygginguna eins og hún hafi aldrei verið til staðar, neita að greiða bætur vegna hennar og endurgreiða greidd iðgjöld. Varastefndi telji ljóst að stefnandi hafi ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni með fullnægjandi hætti við töku tryggingarinnar enda sé í umsókn í engu getið um mikilvæg atriði sem hefðu haft úrslitaáhrif á það hvort váttryggingin hefði verið veitt. Þannig hafi stefnandi í engu getið um langa og alvarlega sögu um slæma bakverki ásamt því sem í stefnu sé upplýst að stefnandi hafi haft ákveðin einkenni í baki sem hann hafi ekki upplýst um. Spurningar í umsókninni um heilsufar og veikindi stefnanda hafi verið einfaldar, skýrar og afmarkaðar og lotið að atriðum sem þýðingu hafi haft fyrir tryggingaráhættu varastefnda.

Í umsókn sinni hafi stefnandi hakað við „já“ sem svar við 9 c. þegar spurt sé hvort umsækjandi hafi þjáðst af brjóslosi, tognað í baki eða fundið fyrir öðrum vandamálum tengdum hrygg/mænu, kvíðsliti eða einhvers konar einkennum gigtar. Til frekari upplýsingar um þetta svar sé svo getið um tvö slys. Annars vegar þegar stefnandi hafi verið 12 ára og tveir hryggjarliðir hafi lagst saman og hins vegar frá árinu 1999 þegar stefnandi hafi dottið úr vinnupalli og verið frá vinnu í tvær vikur. Í báðum tilvikum komi fram að engin eftirmál hafi orðið. Þetta sé ekki rétt staðhæfing enda komi fram við skoðun á sjúkrasögu stefnanda að hann hafi um langt skeið glímt við alvarlega bakverki. Í sjúkraskrá komi fram í nótu frá 20. mars 2015 að stefnandi hafi legið á sjúkrahúsi 16.–20. mars 2015 vegna alvarlegra bakverkja og að sterk lyf hafi verið notuð til að verkjastilla hann. Þann 17. janúar 2017 sé tilgreind koma vegna bakverkja. Þar sé tekið fram að stefnandi hafi lengi verið með mjóbaksverki og farið í sjúkrahjálfun. Stefnandi hafi verið ávísað bólgueyðandi lyf, Voltaren Rapid, til að lina verki. Þann 22. ágúst 2019 biðji stefnandi um Voltaren Rapid vegna bakverkja. Fram komi að stefnandi hafi verið lengi á lyfinu. Athygli veki að þetta sé um tveimur mánuðum fyrir töku umræddrar tryggingar.

Stefnandi hafi, þegar hann sótti um trygginguna, verið [...] cm hár og [...] kg að þyngd með langa sögu um alvarlega bakverki. Hann sé einnig með ökklavandamál sem nái langt aftur í tímann samkvæmt sjúkraskrá. Trygging hefði ekki verið veitt með þeim hætti sem gert hafi verið hefðu þessar upplýsingar legið fyrir ásamt sögu um langvarandi töku á bólgueyðandi lyfjum við verkjum. Réttar upplýsingar hefðu haft veruleg áhrif við mat á váttryggingaráhættu. Af þessu leiði að varastefndi hafi ekki fengið tækifæri til að taka afstöðu til umsóknar stefnanda á grundvelli rétttra og fullnægjandi upplýsinga.

Þegar umræddur skortur á veitingu upplýsinga hafi komið í ljós hafi varastefnda því verið rétt að fara með trygginguna eins og hún hefði aldrei verið til staðar, neita að greiða stefnanda bætur og endurgreiða greidd iðgjöld. Í skilmálum tryggingarinnar komi skýrt fram að þegar trygging sé samþykkt, skilmálar og iðgjald ákvarðað sé treyst á þær upplýsingar sem váttryggingartaki veiti og að svör við spurningum séu rétt og nákvæm. Jafnframt sé tiltekið að komi í ljós að veittar hafi verið rangar og misvísandi upplýsingar sé farið með váttrygginguna eins og hún hafi aldrei verið til staðar. Varastefndi hafi byggt á þessu ákvæði skilmálanna þegar hann hafi neitað að greiða bætur. Þar sem litið sé svo á að

tryggingin hafi aldrei verið til sé ljóst að jafnframt sé ekki hægt að líta svo á að tryggingin hafi verið í gildi þann 18. mars 2021. Því beri að hafna kröfum stefnanda.

Komist dómstólar að því að trygging hafi verið í gildi þann 18. mars 2021 byggi varastefndi á því að ósannað sé að stefnandi hafi orðið fyrir bótaskyldu slysi umræddan dag. Á bls. 10 í váttryggingarskírteini því sem um tryggingu stefnanda hafi gilt sé slys skilgreint sem skyndilegur, óvæntur, óvenjulegur, sérstakur og utanaðkomandi atburður sem eigi sér stað á ákveðnum stað og tíma á gildistíma váttryggingar. Stefnandi hafi lýst málsatvikum með þeim hætti í tjónstilkynningu að hann hafi staðið í stiga og hafi skyndilega fallið í gólflið. Hann hafi rotast og ítrekað komi fram í sjúkraskrá að hann muni ekki hvað hafi gerst en fallið hafi ekki verið hátt. Engin vitni hafi verið að atburðinum og svo virðist sem stefnandi hafi ekki borið fyrir sig hendur. Af gögnum málsins virðist því sem yfirlit sé líklegasta skýring þess að stefnandi hafi dottið. Telji varastefndi því að stefnandi hafi ekki orðið fyrir slysi í skilningi viðeigandi váttryggingarskilmála og beri því að hafna kröfu stefnanda.

Verði ekki fallist á framangreint byggi sýknukrafa stefnda einnig á því að verulega hafi skort á fullnægjandi upplýsingagjöf af hálfu stefnanda við töku tryggingarinnar. Með engum hætti sé hægt að líta svo á að stefnandi hafi upplýst eftir bestu getu og veitt rétt og tæmandi svör en á honum hafi hvílt sú skylda samkvæmt 19. gr. laga nr. 30/2004. Verði váttrygging talin í gildi á tjónsdegi byggi varastefndi á því að hafna beri kröfu stefnanda vegna rangrar upplýsingagjafar, sbr. 82. og 83. gr. laga nr. 30/2004. Eins og rakið hafi verið sé ljóst að stefnandi hafi augljóslega vanrækt þá skyldu sína að veita að eigin frumkvæði upplýsingar sem hann hafi vitað, eða mátt vita, að hefðu verulega þýðingu fyrir mat váttryggjanda á áhættu. Varastefndi beri því ekki ábyrgð á tjóni stefnanda og beri að hafna kröfum hans.

Varastefndi byggi á því að stefnandi hafi vísvitandi leynt upplýsingum sem hann hafi vitað eða mátt vita að hefðu verulega þýðingu við afgreiðslu varastefnda á umsókninni um starfsörorkutrygginguna. Þessi vanræksla á að veita upplýsingar hljóti að teljast svíksamleg í skilningi 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004 enda hafi stefnandi mátt vera ljóst að þessar upplýsingar hefðu haft veruleg áhrif á það hvort og þá með hvaða hætti váttrygging yrði samþykkt. Fallist dómstólar ekki á þann skilning vísi varastefndi til 2. mgr. 83. gr. sömu laga og byggi á því að fella beri ábyrgð varastefnda niður þar sem stefnandi hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli sem ekki teljist óverulegt.

Verði komist að þeirri niðurstöðu að stefnandi eigi rétt á bótum úr starfsörorkutryggingunni sé fjárhæð dómkröfu stefnanda mótmælt. Krafan virðist byggja á bæði tímabundinni og algerrí varanlegri örorku stefnanda og því fullri greiðslu úr umræddri tryggingu. Þá sé ósannað að stefnandi sé að fullu ófær um að starfa sem skiltagerðarmaður. Dómkröfunni sé því mótmælt af hálfu varastefnda.

Til vara sé krafist verulegrar lækkunar á dómkröfum stefnanda. Byggi sú krafa á öllum sömu málsástæðum og aðalkrafa varastefnda að breyttu breytanda.

Framangreindu til stuðnings vísar varastefndi heildstætt til laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, laga nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi, almennra reglna váttryggingaréttar, laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa og almennra reglna samningaréttar. Loks vísar varastefndi til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála kröfu sinni um málskostnað til stuðnings.

#### IV.

##### *Niðurstaða*

Ágreiningur málsaðila lýtur í meginatriðum að því hvort stefnandi eigi rétt til bóta úr váttryggingu útgefinni af varastefnda, Lloyd's Insurance Company S.A., vegna slyss sem stefnandi varð fyrir við vinnu sína 18. mars 2021. Umrædda tryggingu keypti stefnandi með milligöngu aðalstefndu, Tryggingamiðlunar Íslands ehf. Stefnandi gerir aðallega kröfu um greiðslu skaðabóta úr hendi aðalstefndu og til vara kröfu um greiðslu váttryggingarbóta að sömu fjárhæð úr hendi varastefnda. Aðalstefnda krefst sýknu af kröfum stefnanda og byggir á því að enginn grundvöllur sé fyrir skaðabótakröfu stefnanda á hendur henni. Varastefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda og byggir á því að stefnandi hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína er hann sótti um váttrygginguna, auk þess sem ósannað sé að stefnandi hafi orðið fyrir bótaskyldu slysi. Til vara krefst varastefndi verulegrar lækkunar á dómkröfum stefnanda.

##### A.

Stefnandi gerir, líkt og að framan greinir, aðallega kröfu um greiðslu skaðabóta úr hendi aðalstefndu. Eru kröfur hans að því leyti í meginatriðum byggðar á því að aðalstefnda hafi vanrækt þær skyldur sem á henni hvíla samkvæmt lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga og lögum nr. 62/2019 um dreifingu váttrygginga og hún með saknæmum og ólögætum hætti valdið því að sú váttryggingarvernd sem stefnandi hafi talið sig njóta hafi ekki verið til staðar. Virðast kröfur stefnanda að þessu leyti einkum byggðar á því að ekki hafi í reynd komist á váttryggingarsamningur milli stefnanda og varastefnda.

Í málinu liggur frammi staðfesting frá varastefnda á því að váttrygging sú sem stefnandi keypti hafi tekið gildi 20. nóvember 2019, verið endurnýjuð 20. nóvember 2020 og því verið í gildi þegar óhapp stefnanda varð sem og á því að varastefndi hafi mótttekið iðgjöld vegna hennar. Að mati dómsins er því ljóst að váttryggingarsamningur komst á milli stefnanda og varastefnda fyrir milligöngu aðalstefndu og er ekkert fram komið um að aðalstefnda eða einstakir starfsmenn hennar hafi sýnt af sér saknæma og ólögætta háttsemi sem valdið hafi stefnanda tjóni eða að ákvæði 1. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa geti með einhverjum hætti átt við. Verður aðalstefnda þegar af þeirri ástæðu sýknuð af skaðabótakröfu stefnanda.

##### B.

Kemur því til úrlausnar krafa stefnanda um greiðslu váttryggingarbóta úr hendi varastefnda. Samkvæmt framansögðu er ágreiningslaust að váttrygging sú sem stefnandi keypti af varastefnda með milligöngu aðalstefndu var í gildi þegar slyss stefnanda varð 18. mars 2021. Sú trygging sem um er ræða ber heitið „Starfsörorkutrygging Lloyd's“. Í framlögðu váttryggingarskírteini tryggingarinnar, dagsettu 19. nóvember 2020, kemur fram að hún taki til stefnanda og að starfsheiti hans sé skiltagerðarmaður. Þá kemur fram að um váttryggingarsamninginn gildi íslensk lög og að í skiptum fyrir greiðslu viðeigandi iðgjalds samþykki varastefndi að tryggja stefnanda samkvæmt þeim skilmálum og skilyrðum sem tilgreind séu í váttryggingarsamningi, gegn líkamsskaða og/eða veikindum á þann hátt og upp að því marki sem tilgreint sé í samningnum á váttryggingartímabili. Loks eru svo bótafjárhæðir tilgreindar og kemur m.a. fram að vegna algerrar og varanlegrar örorku, eins og tekið sé fram í bótakvarða váttryggingarskírteinis, greiðist 187.500 GBP og að vegna tímabundinnar algerrar örorku greiðist 844 GBP á viku á meðan örorka vari að hámarki í 104 samfelldar vikur (bótatími) án tillits til fjölda slysa í 14 daga eftir þann dag sem örorka hófst (biðtími). Verður að skilja hið síðastgreinda svo að átt sé við að bótatími hefjist að liðnum 14 dögum frá þeim degi sem örorka hófst.

Í skilmálum tryggingarinnar er að finna skilgreiningar á tilteknum hugtökum sem þar koma fyrir. Þar segir m.a. að slyss sé „skyndilegur, óvæntur, óvenjulegur, sérstakur og utanaðkomandi atburður sem á sér stað á ákveðnum stað og tíma á gildistíma váttryggingar“; að bótatími sé „sá fjöldi samfelldra vikna sem kveðið er á um í váttryggingarskírteini að greiðist vegna tímabundinnar algerrar örorku“; að alger og varanleg örorka merki „algera líkamlega vangetu þess váttryggða sem hlýst af líkamstjóni eða veikindum sem koma algerlega í veg fyrir að sá váttryggði sinni sínum venjulegu störfum sem getið er um í váttryggingarskírteini og sem vara annað hvort samfelld í tólf mánuði og engin von er á bata undir lok þess tíma eða þegar váttryggjendur ákveða að sá váttryggði sé varanlegur og alger öryrki, hvort sem kemur fyrir“;

og að tímabundin alger örorka eigi „við um örorku sem hindrar [váttryggðan] í að sinna [sínu] daglega lífi og störfum“.

Þá er í skilmálum tryggingarinnar kafli sem ber yfirskriftina „Upplýsingar sem þú hefur veitt okkur“. Þar kemur fram að ef í ljós komi að váttryggður hafi viljandi eða í kæruleysi veitt rangar eða misvísandi upplýsingar verði farið með váttrygginguna eins og hún hafi aldrei verið til staðar. Þá kemur fram að ef í ljós komi að váttryggður hafi af gáleysi veitt rangar eða misvísandi upplýsingar gæti það haft neikvæð áhrif á váttrygginguna og bótakröfur. Til að mynda gætu váttryggjendur ákveðið að fara með váttrygginguna eins og hún hafi aldrei verið til staðar og neitað að greiða bætur vegna hennar og endurgreitt greidd iðgjöld. Þetta geri váttryggjendur þó aðeins ef þeir hafi veitt váttryggðum váttryggingu sem þeir hefðu ekki boðið með réttar upplýsingar undir höndum.

Í framlagðri umsókn stefnanda um umrædda váttryggingu var meðal annars spurt hvort hann hefði einhvern tímann þjást af brjóstklösi, tognað í baki eða fundið fyrir öðrum vandamálum tengdum hrygg/mænu, kviðsliti eða einhvers konar einkennum gigtar. Þeirri spurningu svaraði stefnandi játandi. Þá var spurt hvort stefnandi tæki einhver lyf eða hvort honum hafi verið ávísuð lyf. Þeirri spurningu svaraði stefnandi neitandi. Í aðilaskýrslu sinni fyrir dómi bar stefnandi að hann hefði notið aðstoðar trygg-ingarráðgjafa hjá aðalstefndu við að fylla út umsóknina og að hún hafði setið með honum á meðan hann fyllti hana út. Hann hefði upplýst hana um að hann hefði fengið ávísað bólgueyðandi lyfjum nokkrum sinnum í gegnum tíðina vegna bakverkja en hún sagð honum að svara þessari spurningu allt að einu neitandi þar sem hann tæki ekki slík lyf að staðaldri. Innan sviga aftan við umrædda spurningu er að finna svohljóðandi enskan texta umræddrar spurningar: „Are you currently taking any medication or do you have any medication prescribed?“. Í beinni þýðingu á þeim texta á íslensku er spurningin svohljóðandi: „Tekur þú sem stendur einhver lyf eða ertu með einhver lyf ávísuð?“. Kemur merking ensks texta spurningarinnar því ágætlega heim og saman við framburð stefnanda um að viðkomandi starfsmaður aðalstefndu hafi lagt áðurgreindan skilning í umrædda spurningu og leiðbeint honum í samræmi við það.

Þá er aftar í umsókn stefnanda beiðni um frekari upplýsingar og svör við þeim spurningum sem settar eru fram í henni. Þar greindi stefnandi frá því að þegar hann var 12 ára gamall hefðu lagst saman tveir hryggjarliðir og tók fram að engir eftirmálar hefðu verið vegna þess. Þá greindi hann frá því að árið 1999 hefði hann dottið úr vinnupalli og verið frá vinnu í tvær vikur í framhaldinu vegna bakverkja. Hann hefði farið í nokkra tíma í sjúkraþjálfun en að öðru leyti hefðu engir eftirmálar verið. Í aðilaskýrslu sinni fyrir dómi bar stefnandi að hann hefði notið leiðsagnar áður nefnds tryggingarráðgjafa hjá aðalstefndu um svör sín að þessu leyti. Þá bar hann að með því að engir eftirmálar hefðu verið af framangreindum atvikum hefði hann átt við að hann hefði ekki þurft að vera frá vinnu vegna þeirra umfram það sem hann hefði tilgreint og að þau hefðu ekki haft áhrif á getu hans til að sinna vinnu sinni í gegnum tíðina.

Aftast í umsókn stefnanda er svo kafli sem ber yfirskriftina „Yfirlýsing“. Þar kemur meðal annars fram að stefnandi veiti aðalstefndu leyfi til að nálgast lækni- og heilsufarslegar upplýsingar hans til lækna og heilsugæsla. Þá kemur þar fram að sé misræmi á enskum texta og íslenskri þýðingu gildi enski textinn ávallt og eigi það við um öll fylgigögn sem umsókninni tengist, þar með talda skilmála tryggingarinnar.

Anna Margrét Arnardóttir, tryggingarráðgjafi hjá aðalstefndu, sem seldi stefnanda umrædda tryggingu gaf skýrslu við aðalmeðferð málsins. Í vitnisburði hennar kom fram að hún myndi ekki sérstaklega eftir stefnanda eða því hvað þeim hefði farið á milli enda hefði hún selt fjölmargar sambærilegar tryggingar í gegnum tíðina. Hann hefði þó líklega fyllt umsóknina út á fundi með henni ásamt öðrum eyðublöðum í tengslum við hana. Þá kom fram í vitnisburði hennar að af því að hann hefði svarað áður greindri spurningu játandi hefði hún væntanlega beðið hann um að lýsa því hvað hefði komið fyrir sem hann hafi gert líkt og umsókn hans beri vott um.

### C.

Varastefndi krefst sem fyrr greinir sýknu af kröfu stefnanda á þeim grundvelli að misræmi sé á milli þeirra upplýsinga sem stefnandi hafi veitt í umsókn sinni um trygginguna og þess sem fram komi í sjúkraskrá hans. Þannig hafi hann ekki veitt fullnægjandi upplýsingar um langvarandi bakverki, auk þess sem hann hafi ekki greint frá því að hafa fengið ávísað bólgueyðandi lyfjum vegna bakverkja. Varastefnda hafi því verið rétt að segja váttryggingunni upp frá upphafsdegi eins og skilmálar hennar kveði á um.

Ágreiningslaust er að íslensk lög gilda um váttryggingarsamning stefnanda við varastefnda. Við mat á því hvort stefnandi hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína við töku váttryggingarinnar og hvaða áhrif það kunnir að hafa ber því að horfa til viðeigandi ákvæða laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga að því gefnu að ákvæði umrædds váttryggingarsamnings veiti stefnanda ekki betri rétt en þau tryggja, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Í 2. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004 kemur fram að váttryggingafélag geti slitið váttryggingarsamningi sem í gildi sé um slysa- eða sjúkratryggingu samkvæmt reglum 84. gr. og 3. mgr. 120. gr. Í öðrum tilvikum geti félagið aðeins sagt upp váttryggingarsamningi að fyrir hendi séu sérstök atvik sem skýrlega eru tilgreind í váttryggingarskilmálum, enda megi telja uppsögnina sanngjarna. Af hálfu varastefnda er hvorki á því byggt að skilyrði 3. mgr. 120. gr. laganna um upplýsingaskyldu vegna bótakröfu eigi við né heldur að fyrir hendi séu sérstök atvik önnur en þau að stefnandi hafi ekki veitt fullnægjandi upplýsingar í umsókn sinni sem reglur 84. gr. taka til.

Samkvæmt 1. mgr. 84. gr. umræddra laga getur váttryggingafélag sagt upp váttryggingu með 14 daga fyrirvara verði því ljóst á váttryggingartímanum að upplýsingaskylda hafi verið vanrækt og sú vanræksla váttryggingartaka eða váttryggðs teljist ekki óveruleg. Hafi váttryggingartaki viðhaft sviksamlega háttsemi getur félagið þó slitið váttryggingunni án fyrirvara. Af umræddri málsgrein 84. gr. eða öðrum málsgreinum þeirrar greinar verður aftur á móti á engan hátt ráðið að váttryggingafélag geti undir nokkrum kringumstæðum sagt váttryggingu upp afturvirkta eða slitið váttryggingarsamningi frá upphafsdegi hans. Var varastefnda þegar af þeirri ástæðu óheimilt að segja váttryggingu stefnanda upp frá upphafsdegi hennar, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 30/2004.

Í 1. mgr. 83. gr. umræddra laga er mælt fyrir um að tryggingafélag beri ekki ábyrgð hafi váttryggingaratburður orðið og váttryggingartaki sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína samkvæmt 1. mgr. 82. gr. laganna. Eins og atvikum er háttað verður ekki á það fallist að það ákvæði geti átt við enda svaraði stefnandi játandi spurningu um það hvort hann hefði einhvern tímann þjáðst af brjóskslosi, tognað í baki eða fundið fyrir öðrum vandamálum tengdum hrygg/mænu, kviðsliti eða einhvers konar einkennum gigtar og greindi frá þeim atburðum sem leitt hefðu til þess, auk þess sem hann veitti aðalstefndu afdráttarlaus heimild til að nálgast lækni- og heilsufarslegar upplýsingar hans til lækna og heilsugæsla.

Í 2. mgr. 83. gr. segir síðan að hafi váttryggingartaki ella vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki teljist óverulegt megi fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta. Þá segir í 3. mgr. sömu greinar að við mat á ábyrgð félagsins samkvæmt 2. mgr. skuli litið til þess hvaða þýðingu vanrækslan hefur haft fyrir mat þess á áhættu, til þess hve sökin er mikil, með hvaða hætti váttryggingaratburður hefur orðið og til atvika að öðru leyti. Í athugasemdum við 83. gr. í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 30/2004 er vísað til athugasemda við efnislega samsvarandi ákvæði 20. gr. frumvarpsins. Þar kemur fram að í því að upplýsingaskylda þurfi að vera vanrækt í þeim mæli að það teljist ekki óverulegt felist að minni háttar yfirsjónir sem litla eða enga þýðingu hafa leiði ekki til skerðinga á kröfum váttryggðs á hendur félaginu. Þá kemur þar fram að orðalagið „ekki óverulegt“ útiloki vægustu afbrigði almenns gáleysis.

Við mat á því hvort stefnandi hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki teljist óverulegt verður að mati dómsins fyrst og fremst að horfa til þess að stefnandi svaraði því sannanlega játandi að hann hefði einhvern tímann þjáðst af brjóskslosi, tognað í baki eða fundið fyrir öðrum vandamálum tengdum hrygg/mænu, kviðsliti eða einhvers konar einkennum gigtar og greindi samviskusamlega frá þeim atburðum sem leitt hefðu til þess í samræmi við þær leiðbeiningar sem áður greindur tryggingarráðgjafi hjá aðalstefndu bar að hún hefði veitt honum. Að mati dómsins verður að teljast minni háttar yfirsjón af hans hálfu að gera ekki sérstaka grein fyrir þeim einkennum sem hafa samkvæmt framlagðri sjúkraskrá hrjáð hann í gengum tíðina, einkum og sér í lagi í ljósi þess að hún ber með sér að hann hafi ekki verið óvinnufær vegna þeirra til lengri eða skemmri tíma sem og þess að hann veitti aðalstefndu afdráttarlaus heimild til að nálgast lækni- og heilsufarslegar upplýsingar hans til lækna og heilsugæsla og mátti treysta því að það yrði gert við mat á áhættu ef frekari upplýsinga væri þörf. Í því sambandi er og til þess að líta að ágreiningslaust er að stefnandi naut leiðsagnar tryggingarráðgjafa hjá aðalstefndu við að fylla út umsóknina og ekkert er fram komið sem gefur tilefni til að draga í efa framburð

hans um að hún hafi leiðbeint honum um svör hans að þessu leyti. Þá eru áðurgreindar skýringar stefnanda á því af hverju hann svaraði spurningu um það hvort hann tæki einhver lyf eða hvort honum hafi verið ávísuð lyf neitandi að mati dómsins trúverðugar, einkum í ljósi þess sem áður greinir um enskan texta umræddrar spurningar og þess að skýrt kemur fram í umsókninni að sé misræmi á enskum texta og íslenski þýðingu gildi enski textinn. Að öllu þessu gættu er það mat dómsins að stefnandi hafi eingöngu vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að óverulegt teljist og verður ábyrgð varastefnda því hvorki felld niður í heild eða að hluta á grundvelli 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004. Verður varastefndi því ekki sýknaður af kröfu stefnanda á þeim grundvelli.

#### D.

Varastefndi krefst aukinheldur sýknu af kröfu stefnanda á þeim grundvelli að ósannað sé að stefnandi hafi orðið fyrir slysi í skilningi skilmála váttryggingarinnar umrætt sinn. Stefnandi hafi lýst atvikinu með þeim hætti að hann hafi staðið í stiga og skyndilega fallið í gólfið. Hann hafi rotast og ítrekað hafi komið fram af hans hálfu að hann muni ekki hvað hafi gerst. Engin vitni hafi verið að atburðinum og svo virðist sem stefnandi hafi ekki borið fyrir sig hendur. Þannig virðist yfirlið líklegasta skýring þess að stefnandi hafi dottið.

Í skilmálum umræddrar váttryggingar er hugtakið slys skilgreint sem „skyndilegur, óvæntur, óvenjulegur, sérstakur og utanaðkomandi atburður sem á sér stað á ákveðnum stað og tíma á gildistíma váttryggingar“. Er sú skilgreining í meginatriðum í samræmi við hefðbundna skilgreiningu hugtaksins í váttryggingarétti þar sem hugtakið slys er almennt skilgreint sem skyndilegur utanaðkomandi atburður, sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist sannanlega án vilja hans. Við mat á því hvort atburður sé utanaðkomandi í framangreindum skilningi er svo almennt við það miðað að svo sé ef hann verður ekki rakinn til innra ástands viðkomandi, svo sem sjúkdóms eða annars líkamsástands. Af málatilbúnaði varastefnda verður ekki annað ráðið en að hann byggi kröfu sína um sýknu á þessum grundvelli eingöngu á því að fall stefnanda sé ekki að rekja til utanaðkomandi atburðar heldur innra ástands stefnanda sjálfs og að atvik því viðvíkjandi séu að öðru leyti óumdeild. Verður því lagt til grundvallar að svo sé.

Stefnandi hefur allt frá fyrstu komu á bráðamóttöku sama dag og atvikið varð lýst því með sama hætti. Hann hafi fallið aftur fyrir sig niður úr um eins metra háum stiga, skolið með höfuðið í flísalagt gólfið og rankað við sér þar einhverju síðar. Hann muni ekki hvernig þetta hafi atvikast og viti ekki hversu lengi hann lá á gólfinu áður en hann rankaði við sér. Við fyrstu komu á bráðamóttöku tók hann fram að hann teldi ekki að liðið hefði yfir sig og hefur samkvæmt framlögðum gögnum síðar lýst því að hann telji helst að stiginn hafi runnið undan honum þegar hann var að teygja sig eftir einhverju upp í hillu eða að hann hafi hreinlega misst jafnvægið. Í aðilaskýrslu hans fyrir dómi lýsti hann atvikinu á sama veg. Þá bar hann að stiginn hefði legið á hliðinni á gólfinu þegar hann rankaði við sér.

Í framlögðum gögnum er ekkert sem bendir á nokkurn hátt til þess að fall stefnanda megi rekja til sjúkdóms eða annars innra líkamsástands hans og gefa þau raunar hið gagnstæða til kynna. Eins og mál þetta liggur fyrir verður að leggja sönnunarbyrði um að fall stefnanda megi rekja til sjúkdóms eða annars innra líkamsástands hans á varastefnda, sbr. til hliðsjónar dóma Hæstaréttar frá 12. september 2013 í máli nr. 128/2013 og frá 23. febrúar 2012 í máli nr. 412/2011, og þá sönnunarbyrði hefur hann engan reka gert að því að axla. Verður því lagt til grundvallar að stefnandi hafi fallið af einhverjum þeim ástæðum sem hann hefur sjálfur tilgreint sem líklegar í því sambandi og að um utanaðkomandi atburð í framangreindum skilningi hafi því verið að ræða. Verður varastefndi því ekki sýknaður af kröfu stefnanda á þeim grundvelli að ekki hafi verið um slys að ræða í skilningi skilmála umræddrar váttryggingar.

#### E.

Líkt og rakið er í lýsingu á helstu málsatvikum hér að framan liggur frammi í málinu matsgerð B lækni um afleiðingar framangreinds slyss stefnanda, dagsett 24. ágúst 2023, sem stefnandi aflaði einhliða. Framlögð gögn bera með sér að lögmaður stefndu hafi verið boðaður á matsfund en hann hafi ekki sótt hann. Þá liggur frammi tölvubréf frá umræddum lögmanni til matsmanns þar sem komið var á framfæri sjónarmiðum vegna matsins, m.a. um að á því væri byggt af hálfu varastefnda að ekki hefði verið um slys að ræða sem og um að afmarka þyrfti hvað fælist í starfi skiltagerðarmanns.

Í kafla sem ber yfirskriftina „Ályktun“ aftast í matsgerð B kemur fram að um sé að ræða mann sem hafi lent í því við vinnu sína sem skiltagerðarmaður að detta úr tröppum á flísalagt gólf. Hann hafi líklega rotast, auk þess sem hann hafi hlotið áverka á háls og vinstri öxl. Afleiðingar þess slyss hafi orðið þær að hann sé ófær um að vinna vinnu sína sem skiltagerðarmaður vegna verkja frá vinstri öxl og hálsi. Hann segist geta gert sumt en ekki allt. Þar sem hann sé einyrki hafi hann alveg orðið að hætta störfum sem skiltagerðarmaður og sé því 100% óvinnufær sem slíkur. Telja verði að orsakatengsl séu á milli slyssins og áverka þeirra sem hann hafi í dag. Þá er svar hans við þeirri spurningu hvort stefnandi sé óvinnufær til starfa sem skiltagerðarmaður vegna þeirra áverka sem hann varð fyrir í umræddu slysi þann 18. mars 2021 játandi. Í nánari skýringu er svo tekið fram að í skiltagerð felist að búa til skilti og hengja þau síðan upp og hann sé algerlega óvinnufær til þess síðar nefnda. Þá er svar hans við þeirri spurningu hvort stefnandi sé varanlega óvinnufær til að starfa sem skiltagerðarmaður vegna afleiðinga umrædds slyss einnig játandi. Loks var matsmaður svo spurður að ef stefnandi teldist vinnufær til að starfa sem skiltagerðarmaður á matsdegi, á hvaða tímamarki óvinnufærni hans sem slíks hefði lokið. Í svari matsmanns við þeirri spurningu kemur fram að óvinnufærni stefnanda sé frá slysdegi, þann 18. mars 2021, og teljist vera varanleg hvað skiltagerð varðar. B læknir gaf skýrslu fyrir dómi við aðalmeðferð málsins, staðfesti matsgerð sína og svaraði spurningum um efni hennar. Í vitnisburði hans kom meðal annars fram að stefnandi byggi við svo skerta hreyfigetu í vinstri öxl að það væri með öllu útilokað að hann geti unnið upp fyrir sig. Þá byggi hann einnig við verulega skerta hreyfigetu í hálsi. Í báðum tilvikum væri ótvírætt um að ræða afleiðingar af slysi hans þann 18. mars 2021.

Samkvæmt framansögðu liggur fyrir matsgerð læknis um að vegna áverka sem stefnandi varð fyrir í umræddu slysi 18. mars 2021 hefði hann orðið óvinnufær til að starfa sem skiltagerðarmaður frá slysdegi og vegna afleiðinga þeirra áverka sé hann varanlega óvinnufær til slíkra starfa. Þessu mati var raunar hvorki mótmælt af hálfu varastefnda fyrr en við aðalmeðferð málsins og þá einungis að því leyti að ekki væri sýnt að stefnandi gæti ekki sinnt einhverjum þáttum umrædds starfs né heldur hefur því á nokkurn hátt verið hnekk't og verður það því lagt til grundvallar í málinu.

#### F.

Samkvæmt öllu framansögðu er það niðurstaða dómsins að stefnandi eigi rétt á váttryggingarbótum úr hendi varastefnda. Sem fyrr greinir er sú trygging sem stefndi keypti af varastefnda með milligöngu aðalstefndu svokölluð starfsörorkutrygging og ágreiningslaust að samkvæmt framlögðu váttryggingarskírteini skyldi varastefndi greiða stefnanda eingreiðslu að fjárhæð 187.500 GBP ef hann yrði fyrir algerri og varanlegri örorku. Samkvæmt skilmálum tryggingarinnar merkir alger og varanleg örorka sem fyrr greinir líkamlega vangetu þess váttryggða sem hlýst af líkamstjóni eða veikindum sem koma algerlega í veg fyrir að sá váttryggði sinni sínum venjulegu störfum sem getið er um í váttryggingarskírteini og sem vara annað hvort samfelld í tólf mánuði og engin von sé á bata undir lok þess tíma eða þegar váttryggjandi ákvarðar að sá váttryggði sé varanlegur og alger öryrki, hvort sem kemur fyrr. Líkt og að framan greinir er stefnandi samkvæmt matsgerð B læknis varanlega óvinnufær til að starfa sem skiltagerðarmaður vegna afleiðinga þeirra áverka sem hann hlaut í slysi 18. mars 2021 og verður varastefndi því dæmdur til að greiða stefnanda áðurgreinda fjárhæð með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi er mánuður var liðinn frá því að matsgerð B var lögð fram í þinghaldi í máli þessu, sbr. 9. gr. sömu laga.

Í áðurgreindu váttryggingarskírteini kemur fram að bætur sem greiðast fyrir afleiðingar af einu slysi eða einum sjúkdómi greiðist ekki undir fleiri en einum bótalið. Þar sé tímabundin alger örorka undanskilin þar sem fyrstu 104 vikurnar geti komið til greiðslu til viðbótar við hverja þá upphæð sem greiðist. Samkvæmt þessu skyldu bætur vegna tímabundinnar algerrar örorku ekki dragast frá bótum vegna varanlegrar örorku og bar að gera upp bætur vegna hvors tryggingarþáttar um sig sjálfstætt. Eins og áður greinir skyldu bætur fyrir algera tímabundna örorku samkvæmt umræddu skírteini vera 844 GBP á viku á meðan örorka varir að hámarki í 104 samfelldar vikur frá því 14 dögum eftir að örorkan hófst (biðtími).

Í framangreindri matsgerð B læknis er ekki tekin afstaða til þess hvenær heilsufar stefnanda hafi verið orðið stöðugt, sbr. 1. mgr. 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, enda lutu þær spurningar sem fyrir hann voru lagðar ekki að því atriði. Hvorki aðalkrafa varastefnda um sýknu né heldur varakrafa hans um lækun

á dómkröfum stefnanda eru hins vegar byggðar á því að upplýsingar um þetta atriði skorti heldur á því að stefnandi geti ekki samhliða krafist fullra bóta vegna bæði algerrar og varanlegrar örorku og tímabundinnar algerrar örorku. Að því gættu og að virtu því að samkvæmt umræddu váttryggingarskírteini bar ótvírætt að gera upp bætur vegna hvors tryggingarþáttar um sig sjálfstætt verður varastefndi því einnig dæmdur til að greiða stefnanda fullar bætur vegna tímabundinnar algerrar örorku. Þá var fyrst á því byggt af hálfu varastefnda við aðalmeðferð málsins að þær breytingar sem gerðar voru á skilmálum váttryggingarinnar við endurnýjun hennar hinn 20. nóvember 2020 hefðu áhrif á fjárhæð bóta til stefnanda vegna tímabundinnar algerrar örorku og telst sú málsástæða að virtum mótmælum stefnanda þar að lútandi því of seint fram komin, sbr. 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Verður varastefndi þannig dæmdur til að greiða stefnanda 87.776 GBP í samræmi við dómkröfu hans. Þá verður fallist á kröfu stefnanda um að tildæmd fjárhæð beri vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað, enda hefur þeirri kröfu ekki verið sérstaklega mótmælt af hálfu varastefnda, og dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga sömu laga frá þeim degi er mánuður var liðinn frá því að matsgerð B var lögð fram í þinghaldi í máli þessu, sbr. 9. gr. þeirra.

Að virtum úrslitum máls og eins og það liggur fyrir að öðru leyti þykir með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 rétt að málskostnaður á milli aðila falli niður.

Stefnandi fékk með vísan til a-liðar 1. mgr. 126. gr. laga nr. 91/1991 útgefið leyfi til gjafsóknar vegna reksturs máls þessa fyrir héraðsdómi hinn 15. nóvember 2023, sem er takmarkað við réttargjöld, lögmannspóknun og undirmatsgerð. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist því úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Steingríms Þormóðssonar, sem þykir að virtu umfangi málsins og eðli og með hliðsjón af tímaskýrslu lögmannsins hæfilega ákveðin svo sem í dómsorði greinir án virðisaukaskatts.

Hulda Árnadóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Fyrir uppkvaðningu hans var fyrirmæla 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 gætt.

#### **Dómsorð:**

Aðalstefnda, Tryggingamiðlun Íslands ehf., er sýknuð af kröfum stefnanda, A.

Varastefndi, Lloyd's Insurance Company S.A., greiði stefnanda 187.500 sterlingspund (GBP) með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 5. október 2023 til greiðsludags.

Varastefndi greiði stefnanda 87.776 sterlingspund (GBP) með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 18. mars 2021 til 5. október 2023 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður á milli aðila fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin þóknun lögmanns hans, Steingríms Þormóðssonar, 2.600.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.